

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 630/2013

2014/EES/64/05

frá 28. júní 2013

um breytingu á viðaukunum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla (var áður „smitandi heilahrönnunarsjúkdómar“) í nautgripum, sauðfé og geitum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýrarikinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértílvikum, um útflutning þeirra.
- 2) Hinn 19. janúar 2011 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) sameiginlegt álit sem var unnið með Sóttvarnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Sóttvarnastofnunin) um hugsanlegt faraldsfræðilegt eða sameindalegt samband á milli smitandi svampheilakvilla í dýrum og í mönnum („sameiginlegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar og Sóttvarnastofnunarinnar“) ⁽²⁾. Í sameiginlegu álitinu sínu staðfestu Matvælaöryggisstofnunin og Sóttvarnastofnunin sanngreiningu á afbrigðilegum formum kúariðu í nautgripum og gerðu greinarmun á milli dæmigerðrar kúariðu, L-gerðar afbrigðilegrar kúariðu og H-gerðar afbrigðilegrar kúariðu. Því er rétt að færa inn skilgreiningar fyrir tilvik dæmigerðrar kúariðu og afbrigðilegrar kúariðu í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 3) Í I. hluta kafla A í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um vöktun vegna kúariðu í nautgripum sem er slátrað til manneldis. Þau ákvæði gilda um dýr sem er slátrað í samræmi við ákvæði um „sérstaka neyðarslátrun“ eins og hún er skilgreind í n-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 64/433/EBE frá 26. júní 1964 um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu á nýju kjöti ⁽³⁾. Sú tilskipun var síðar felld úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB ⁽⁴⁾. Þetta hefur skapað réttaróvissu og valdið

því að dregið hefur úr prófunum á dýrum sem hefði átt að prófa. Því er nauðsynlegt að skilgreina með skýrum hætti neyðarslátrun innan ramma reglnanna um vöktun vegna kúariðu í nautgripum sem er slátrað til manneldis í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.

- 4) Í II. hluta kafla A í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um vöktun með sauðfé og geitum. Ársskýrslur aðildarríkjanna um vöktun og prófanir á jörturdýrum innan Sambandsins til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla hafa á síðustu árum sýnt að prófanir á sauðfé og geitum, sem er ekki slátrað til manneldis, hafa yfirleitt reynst skilvirkari til að greina tilvik smitandi svampheilakvilla en prófanir á dýrum sem er slátrað til manneldis. Því skal veita aðildarríkjunum meiri sveigjanleika til að nota stærra hlutfall af þeim takmarkaða fjölda prófana, sem krafist er í þeim viðauka, í undirhópum þar sem meiri líkur eru á að greina slík tilvik.
- 5) Í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um niðurskurðarráðstafanir, sem á að gripa til þegar smitandi svampheilakvilli hefur verið staðfestur í nautgripum, sauðfé og geitum, og um lágmarkskröfur varðandi kynbótaáætlanir með tilliti til þols gegn smitandi svampheilakvilla í sauðfé. Þeim viðauka hefur verið breytt allnokkrum sinnum, m.a. með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 727/2007 ⁽⁵⁾ og (EB) nr. 746/2008 ⁽⁶⁾.
- 6) Hinn 17. júlí 2007 í máli T-257/07 höfðaði Frakkland mál gegn framkvæmdastjórninni fyrir Almenna dómstólnum og krafðist tímabundinnar niðurfellingar á beitingu ákvæða 3. liðar viðaukans við reglugerð (EB) nr. 727/2007 þar eð þar eru tekin inn í kafla A í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 ákvæði iii. liðar b-liðar í lið 2.3, d-liðar í lið 2.3 og 4. liðar, og til vara var þess krafist að ógilda skyldi alla þá reglugerð. Samkvæmt Frakklandi myndu þessir liðir heimila minna takmarkandi ráðstafanir varðandi eftirlit og niðurskurð en þær sem áður var mælt fyrir um fyrir sauðfé og geitur. Í fyrirmælum sínum frá 28. september 2007 ⁽⁷⁾ felldi dómstóllinn þessi ákvæði tímabundið úr gildi þar til dómur yrði kveðinn upp í aðalmálinu.
- 7) Framkvæmdastjórnin fór síðan fram á aðstoð Matvælaöryggisstofnunarinnar við að skýra nánar meginforsendurnar sem reglugerð (EB) nr. 727/2007

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 161/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(1), 1945.

⁽³⁾ Stjtið. EB 121, 29.7.1964, bls. 2012.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 33.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 11.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB C 283, 24.11.2007, bls. 28.

- byggðist á. Í ljósi skýringa Matvælaöryggisstofnunarinnar var reglugerð (EB) nr. 999/2001 breytt með reglugerð (EB) nr. 746/2008 þar sem sett voru aftur inn ákvæði sem Almenni dómstóllinn hafði fellt tímabundið úr gildi. Í fyrirmælum sínum frá 30. október 2008⁽⁸⁾ felldi Almenni dómstóllinn úr gildi ákvæði iii. liðar b-liðar í lið 2.3, d-liðar í lið 2.3 og 4. liðar í kafla A í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 746/2008, þar til dómur yrði kveðinn upp í aðalmálinu í máli T-257/07.
- 8) Í dómi sínum frá 9. september 2011 í máli T-257/07⁽⁹⁾ hafnaði Almenni dómstóllinn beiðni Frakklands um ógildingu reglugerðar (EB) nr. 746/2008 og felldi úr gildi tímabundna niðurfellingu á beitingu umræddra ákvæða í kafla A í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 9) Hinn 28. nóvember 2011, í máli C-601/11 P⁽¹⁰⁾ áfrýjaði Frakkland dómi Almenna dómstólsins í máli T-257/07 og óskaði eftir að Evrópudómstóllinn ógilti dóm Almenna dómstólsins í máli T-257/07 og kvæði upp endanlegan dóm í deilunni með því að fella reglugerð (EB) nr. 746/2008 úr gildi eða vísa málinu til baka til Almenna dómstólsins.
- 10) Rétt er að skýra það flókna hugmyndakerfi stjórnunar-úrræða og undanþága, sem varða varnir gegn dæmigerðri riðuveiki og útrýmingu hennar í sauðfé og geitum, sem sett er fram í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001. Í VII. viðauka ætti einungis að veita þrjá valkosti varðandi sýkta hópa eða sýktar hjarðir sauðfjár eða geita, þ.e.a.s.: valkostur 1 að farga öllum dýrum; valkostur 2 að farga einungis smitnæmum dýrum; valkostur 3 að förgun dýra sé ekki skyldubundin.
- 11) Ráðstafanirnar, sem skal beita að því er varðar hvern þessara þriggja valkosta, skal endursema til að auðvelda samanburð á milli valkostanna og efla vitund um afleiðingarnar fyrir einstaka bújarðir. Þar eð í valkostum 1 og 2 felast strangar niðurskurðarráðstafanir sem bæta sjúkdómavarnir skulu ráðstafanir sem er framfylgt eftir niðurskurð samkvæmt valkostum 1 og 2 vera sveigjanlegri en samkvæmt valkosti 3.
- 12) Nauðsynlegt er að skýra þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fresta megi niðurskurðarráðstöfununum sem settar eru fram í valkosti 2. Rétt þykir að gera ráð fyrir stuttri töf sem ekki er lengri en þrjú mánuðir og tengist sauðburðartímanum. Hins vegar er einungis hægt að réttlæta langa töf með þörf á meiri tíma til að auka arfbundið þol dýra gegn dæmigerðri riðuveiki á bújörð. Þar eð hingað til hefur einungis verið sannað að arfbundið þol gegn dæmigerðri riðuveiki finnist í sauðfé skal ekki leyfa langa töf að því er varðar hjarðir sem einungis samanstanda af geitum. Þegar hún er leyfð skal hún takmarkast við þriggja ára tímabil, við tiltekin skilyrði.
- 13) Þegar dæmigerð riðuveiki er staðfest á bújörðum þar sem staðbundið sauðfjárfjöldun, sem hættu er á að tapist úr búfjárrækt, er haldið skal í ráðstöfunum eftir niðurskurð, sem mælt er fyrir um í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, taka tillit til erfiðleikanna við að koma inn með og nota einungis þolið sauðfé af sama búfjárfjöldun, sem er í útrýmingarhættu, eða sæði þess og fósturvísa. Í þessu sérstaka tilviki skal aðildarríkjunum heimilt að beita sveigjanlegri reglum að því er varðar arfgerð undaneldisdýra og sæðis og fósturvísa sem komið er með inn á bújarðir og notuð þar.
- 14) Af sameiginlegu álitu Matvælaöryggisstofnunarinnar og Sóttvarnastofnunarinnar má ráða að afbrigðileg riðuveiki gæti verið lítið smitandi eða ekki smitandi. Sú niðurstaða byggist aðallega á skorti á tölfræðilegum mun á mældri tíðni afbrigðileika/Nor98 milli stofnsins almennt og hópa þar sem jákvæð tilvik hafa fundist. Því er ekki lengur réttlætjanlegt að beita takmarkandi ráðstöfunum varðandi tilflutning sauðfjár og geita ef tilvik af afbrigðilegri riðuveiki hefur verið staðfest. Hins vegar skal halda áfram auknu eftirliti í þeim hópum eða hjörðum til að safna meiri vísindagögnum um afbrigðilega riðuveiki. Þessi breyting á VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er í samræmi við framtíðarstefnuvalkosti sem gert er ráð fyrir í lið 2.4.3 í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins — Leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla — Áætlunarskjal um smitandi svampheilakvilla fyrir árin 2010–2015⁽¹¹⁾.
- 15) Þátttaka í kynbótaáætlunum hefur hingað til takmarkast við sauðfjárhópa með mikið erfðafræðilegt gildi. Þar sem þeim hefur verið hrint í framkvæmd hafa kynbótaáætlanirnar borið árangur að því er varðar að auka þol gegn dæmigerðri riðuveiki í sauðfjástofnum með mikið erfðafræðilegt gildi. Hins vegar virðist dreifing erfðaþáttarinnar (genasamsættunnar), sem ber í sér þolið, hingað til hafa verið takmörkuð í hinum almenna framleiðslustofni. Með kafla C í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 skal leyfa arfgerðargreiningu á undaneldishrútum úr hópum, sem ekki eru inni í kynbótaáætluninni, til að greiða fyrir breiðari dreifingu á þolþættinum gegn dæmigerðri riðuveiki í framleiðslustofnum.
- 16) Í kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur sem gilda um viðskipti innan Sambandsins með lifandi dýr, sæði og fósturvísa. Eins og um getur í 14. forsendu má ráða af sameiginlegu álitu Matvælaöryggisstofnunarinnar og Sóttvarnastofnunarinnar að afbrigðileg riðuveiki gæti verið lítið smitandi eða ekki smitandi. Afnáam allra takmarkandi ráðstafana varðandi tilflutning sauðfjár og geita, ef tilvik af afbrigðilegri riðuveiki hefur verið staðfest, skal því gilda um viðskipti innan Sambandsins. Þessi afstaða er einnig studd þeirri staðreynd að í heilbrigðisreglunum um landdýr, eins og þær voru samþykktar árið 2010 á 78. aðalfundi Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, er ekki mælt með neinum takmörkunum á viðskiptum að því er varðar afbrigðilega riðuveiki.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB C 327, 20.12.2008, bls. 26.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB C 311, 22.10.2011, bls. 33.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB C 80, 17.3.2012, bls. 5.

⁽¹¹⁾ COM(2010) 384, lokagerð.

- 17) Reglurnar, sem settar eru fram í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í tengslum við viðskipti innan Sambandsins með sauðfé og geitur, sæði þeirra og fósturvísu, skulu samræmdar eins og unnt er við staðla Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar til að þær útiloki ekki aðildarríki með samþykktu, landsbundna varnaráætlun vegna dæmigerðrar riðuveiki frá því að lýsa yfir að þau séu laus við dæmigerða riðuveiki samkvæmt skilyrðunum sem sett eru í reglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar. Hin breyttu ákvæði um viðskipti innan Sambandsins skulu þó ekki hafa neikvæð áhrif á viðskiptaflæði sem þegar er fyrir hendi meðal aðildarríkja þar sem ekki hefur verið samþykkt nein landsbundin varnaráætlun vegna dæmigerðrar riðuveiki.
- 18) Í þeim tilgangi og eins og lagt er til í lið 2.4.3 í Leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla skal setja fram ramma í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 sem gerir aðildarríkjunum kleift að koma á opinberri áætlun um viðurkenningu á stöðu bújarða að því er varðar dæmigerða riðuveiki. Möguleikinn fyrir bújörð til að stunda viðskipti innan Sambandsins með sauðfé og geitur, með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki, skal miðast við stöðu hennar að því er varðar dæmigerða riðuveiki.
- 19) Í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 skal koma á tveggja þrepa kerfi fyrir stöðu bújarða að því er varðar dæmigerða riðuveiki. Þegar flytja á dýr til undaneldis og eldis til aðildarríkja með samþykktu, landsbundna varnaráætlun vegna dæmigerðrar riðuveiki skal gera kröfu um þá stöðu að áhættan sé óveruleg, sem tæknilega séð samsvarar því að bújörð sé laus við riðuveiki, eins og mælt er fyrir um í grein 14.9.5 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr og byggist á samræmi við tæmandi skrá yfir kröfur stofnunarinnar í a.m.k. sjö ár (í samræmi við regluna sem mælt er fyrir um í 6. gr. a og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 sem mælir með þróun þolinnar arfgerða í sauðfé; í tillögunni er hins vegar einnig viðurkennt að ARR/ARR-arfgerðin sé gildur valkostur). Að því er varðar undaneldisdýr, sem flytja á til annarra aðildarríkja, skal aðeins gera þá kröfu að þau komi frá bújörðum þar sem áhættu á dæmigerðri riðuveiki er haldið í skefjum á grundvelli samræmis við styttri skrá yfir kröfur í a.m.k. þrjú ár, eins og málin standa nú.
- 20) Með tilliti til þess hversu erfitt er að sýna fram á sjúkdómsleysi á yfirráðasvæði eða hluta af yfirráðasvæði aðildarríkis þegar um er að ræða eins flókinn sjúkdóm og dæmigerða riðuveiki, sem einkennist af langri meðgöngu, því að engin aðferð er fyrir hendi til greiningar í lífi og breytilegu einstaklingsbundnu smitnæmi hjá dýrunum sem veltur á erfðabáttum þeirra skal í stað hugtaksins „aðildarríki sem er laust við dæmigerða riðuveiki“ í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, koma „aðildarríki eða svæði innan aðildarríkis þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg“. Skilyrðin fyrir því að viðurkennt sé að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki í aðildarríki eða á svæði innan aðildarríkis sé óveruleg skulu einnig uppfærð og að mestu samræmd við tilmælin sem mælt er fyrir um í grein 14.9.3 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr.
- 21) Þar eð VIII. viðauki við reglugerð (EB) nr. 999/2001 skal ná til allra viðskiptalegra atriða sem varða dæmigerða riðuveiki og með tilliti til þess að tillögð tilurð opinberrar áætlunar um viðurkenningu á stöðu bújarða að því er varðar dæmigerða riðuveiki er viðeigandi grunnur að því að taka upp aðgreindar ábyrgðir fyrir dýr sem stunda á viðskipti með við aðildarríki með samþykktu, landsbundna varnaráætlun vegna dæmigerðrar riðuveiki og við önnur aðildarríki skal í þeim viðauka einnig vera skrá yfir aðildarríki með samþykktu, landsbundna varnaráætlun vegna dæmigerðrar riðuveiki.
- 22) Í kafla C í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur sem varða innflutning til Sambandsins á afurðum úr dýraríkinu úr nautgripum, sauðfé og geitum, einkum gelatíni sem ætlað er til manneldis. Í þætti A í kafla D í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur sem varða innflutning til Sambandsins á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum úr nautgripum, sauðfé og geitum, einkum gelatíni sem ætlað er sem innihaldsefni í föður. Þar eð kollagen, sem ætlað er í föður eða matvæli, er framleitt úr sama hráefni og gelatín skal samræma innflutningsskilyrði fyrir kollagen, sem ætlað er í föður eða matvæli, við þau sem mælt er fyrir um fyrir gelatín sem ætlað er til sömu nota.
- 23) Í þætti B í kafla D í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru sett fram sértæk vottorð sem fylgja skulu innflutningi til Sambandsins af tilteknum aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum úr nautgripum, sauðfé og geitum. Þeim vottorðum skal breytt til að þau gildi einnig um afurðir sem eru unnar í þriðja landi, sem er flokkað þannig að þar sé áhætta í tengslum við kúariðu haldið í skefjum eða að hún sé óskilgreind, og eru framleiddar úr blönduðu efni frá þessu þriðja landi sem og frá þriðja landi þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg. Einnig skal breyta sértæka vottorðinu varðandi innflutning á afurðum sem innihalda sauða- og geitamjólk og eru ætlaðar til föðrunar alidýra til að það endurspegli betur þau höft sem gilda um viðskipti með þessar afurðir innan Sambandsins.
- 24) Í köflum E og H í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um innflutning til Sambandsins á sauðfé og geitum og á sæði og fósturvísu sauðfjár og geita. Uppfæra skal þessar innflutningsreglur til að endurspeglu skilyrðin fyrir viðskiptum innan Sambandsins sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, þ.m.t. almennu forsendurnar sem varða vöktun og útrýmingu á dæmigerðri riðuveiki, sem mælt er fyrir um í III. og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, sem og ákvæði um föðurbann sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.

- 25) Í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um greiningaraðferðir sem gilda fyrir prófanir vegna smitandi svampheilakvilla í nautgripum, sauðfé og geitum. Í sameiginlegu álit Matvælaöryggisstofnunarinnar og Sóttvarnastofnunarinnar er bent á að umtalsverðar líkur séu á að L-gerð hins afbrigðilega smitefnis kúariðu geti smitast úr dýrum í menn í svipuðu eða jafnvel hærra hlutfalli en smitefni dæmigerðrar kúariðu. Tilvik L-gerðar og H-gerðar afbrigðilegrar kúariðu hafa greinst í nokkrum löndum víðsvegar um heiminn og Matvælaöryggisstofnunin benti á að óvenjulega hár aldur allra greindra tilvika með L- og H-kúariðu geti, ásamt að því er virðist lágu algengi þeirra í stofnunum, bent til þess að þessi form afbrigðilegrar kúariðu séu sjálfsprottin. Til að öðlast meiri vitneskju um afbrigðilega kúariðu þarf að safna fleiri viðeigandi gögnum.
- 26) Í þeim tilgangi er nauðsynlegt að gera þá kröfu að efni úr öllum staðfestum kúariðutilvikum, sem koma upp í Sambandinu í framtíðinni, sé sett í mismunarprófanir sem gera það kleift að sanngreina smitvaldinn nákvæmlega, þ.e. hvort um er að ræða dæmigerða kúariðu, L-gerð afbrigðilegrar kúariðu eða H-gerð afbrigðilegrar kúariðu. Þar eð tiltekin aðildarríki og þriðju lönd hafa þegar birt upplýsingar um svipfar nýlegra kúariðutilvika sinna skal gera mismunarprófanir á staðfestum kúariðutilvikum, sem koma upp í Sambandinu í framtíðinni, skyldubundnar með kafla C í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 27) Í 4. lið í kafla C í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er skrá yfir flýtiprófanir sem hafa verið samþykktar með tilliti til vöktunar vegna smitandi svampheilakvilla í nautgripum, sauðfé og geitum.
- 28) Með tilliti til þess að eftirfarandi tvö flýtiprófunarsett til vöktunar vegna kúariðu í nautgripum eru ekki lengur

framleidd, eins og staðfest var í bréfi sem Enfer Scientific sendi 21. ágúst 2012 og bréfi sem Roche Diagnostics GmbH sendi 31. ágúst 2012, skal taka þau af skránni yfir flýtiprófanir sem sett er fram í 4. lið kafla C í X. viðauka: Enfer test & Enfer TSE Kit version 2.0, automated sample preparation; Roche Applied Science PrionScreen.

- 29) Þar eð aðildarríkin þurfa nægjanlegan tíma til að laga landsbundin fyrirmæli sín að nýju kröfunum, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, skal reglugerð þessi koma til framkvæmda 1. júlí 2013.
- 30) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 31) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum viðaukanna við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar í I. viðauka komi eftirfarandi:

„2. Í þessari reglugerð gilda jafnframt eftirfarandi skilgreiningar:

- a) „innlent kúariðutilvik“: kúariðutilvik sem ekki hefur verið unnt að rekja með afgerandi hætti til sýkingar dýrsins fyrir innflutning þess sem lifandi dýrs,
- b) „aldurshópur“: hópur nautgripa sem í eru bæði:
 - i. dýr fædd í sömu hjörð og sýkti nautgripurinn, og innan við tólf mánuðum fyrir eða eftir burð sýkta dýrsins og
 - ii. dýr sem einhvern tímann á fyrsta æviári sínu voru alin með sýkta dýrinu á fyrsta æviári þess,
- c) „vísitilfelli“: fyrsta dýr á bújörð, eða í faraldsfræðilega skilgreindum hópi, þar sem sýking af völdum smitandi svampheilakvilla hefur verið staðfest,
- d) „smitandi svampheilakvilli í smærri jörturdýrum“: tilvik smitandi svampheilakvilla sem greinist í sauðfé eða geitum eftir staðfestingarprófun fyrir afbrigðilegu prionprótíni,
- e) „riðuveikilvik“: staðfest tilvik smitandi svampheilakvilla í sauðfé eða geitum þar sem greining á kúariðu hefur verið útilokuð í samræmi við viðmiðanir sem mælt er fyrir um í tæknihandbók tilvísunarrannsóknarstofu Sambandsins um lýsingu á stofni smitandi svampheilakvilla í smærri jörturdýrum (*),
- f) „dæmigert riðuveikilvik“: staðfest riðuveikilvik sem er flokkað sem dæmigert í samræmi við viðmiðanir sem mælt er fyrir um í tæknihandbók tilvísunarrannsóknarstofu Sambandsins um lýsingu á stofni smitandi svampheilakvilla í smærri jörturdýrum,
- g) „afbrigðilegt riðuveikilvik“: staðfest riðuveikilvik sem er aðgreinanlegt frá dæmigerðu riðuveikilviki í samræmi við viðmiðanir sem mælt er fyrir um í tæknihandbók tilvísunarrannsóknarstofu Sambandsins um lýsingu á stofni smitandi svampheilakvilla í smærri jörturdýrum,
- h) „prionprótínarfgerð“: samsetning tveggja genasamsæta í sauðfé, eins og lýst er í 1. lið í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/1003/EB (**),
- i) „kúariðutilvik“: tilvik kúariðu sem staðfest hefur verið á landsbundinni tilvísunarrannsóknarstofu í samræmi við aðferðirnar og aðferðarlýsingarnar í a- og b-lið í lið 3.1 í kafla C í X. viðauka,
- j) „dæmigert kúariðutilvik“: kúariðutilvik sem er flokkað sem slíkt í samræmi við viðmiðanir sem mælt er fyrir um í aðferð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins til flokkunar á einangrum smitandi svampheilakvilla í nautgripum (***),
- k) „afbrigðilegt kúariðutilvik“: kúariðutilvik sem ekki er hægt að flokka sem dæmigert kúariðutilvik í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í aðferð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins til flokkunar á einangrum smitandi svampheilakvilla í nautgripum,
- l) „sauðfé og geitur sem eru eldri en 18 mánaða“: sauðfé og geitur:
 - i. sem aldurinn á hefur verið staðfestur með skrárm eða flutningsskjölum sem um getur í b-, c- og d-lið 1. liðar í 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 (****) eða
 - ii. sem hafa fleiri en tvær varanlegar fullorðinsframtennur sem eru komnar upp úr gömnum.“

(*) http://vla.defra.gov.uk/science/docs/sci_tse_rl_handbookv4jan10.pdf

(**) Stjtið. EB L 349, 24.12.2002, bls. 105.

(***) http://vla.defra.gov.uk/science/docs/sci_tse_rl_2blot.pdf

(****) Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

2) Kafla A í III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar í I. hluta komi eftirfarandi:

„2. **Vöktun dýra sem er slátrað til manneldis**

2.1. Allir nautgripir eldri en 24 mánaða skulu prófaðir með tilliti til kúariðu ef komið hefur til:

— neyðarslátrunar í samræmi við 1. lið VI. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 (*) eða

— skoðunar fyrir slátrun með athugunum sem varða slys eða alvarleg lífeðlisfræðileg og starfræn vandamál eða einkenni í samræmi við 2. lið B-hluta II. kafla I. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004(**).

2.2. Allir heilbrigðir nautgripir eldri en 30 mánaða sem slátrað er á hefðbundinn hátt til mannelis skulu prófaðir með tilliti til kúariðu.“

(*) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

(**) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

b) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Vöktun sauðfjár og geita sem er slátrað til mannelis

a) Í aðildarríkjum, þar sem lemdar ær og gimbrar, sem hleypt er til, eru fleiri en 750 000, skal, samkvæmt reglum um sýnatöku sem eru settar fram í 4. lið, árlega taka sýni úr a.m.k. 10 000 sauðkindum sem er slátrað til mannelis.

b) Í aðildarríkjum þar sem geitur sem hafa borið og kiðfullar geitur eru fleiri en 750 000, skal, samkvæmt reglum um sýnatöku, sem eru settar fram í 4. lið, árlega taka sýni úr a.m.k. 10 000 geitum sem er slátrað til mannelis.

c) Aðildarríki getur valið að skipta út að hámarki:

— 50% af lágmarksstærð úrtaks sauðfjár og geita, sem er slátrað til mannelis og sem um getur í a- og b-lið, og prófa þess í stað dautt sauðfé eða geitur sem eru eldri en 18 mánaða í hlutföllunum einn á móti einum og til viðbótar við þá lágmarksstærð úrtaks sem sett er fram í 3. lið,

— 10% af lágmarksstærð úrtaksins, sem sett er fram í a- og b-lið, og prófa þess í stað sauðfé eða geitur, sem eru aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum og eru eldri en 18 mánaða, í hlutfallinu einn á móti einum.“

ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. Vöktun á bújörðum sem falla undir varnar- og niðurskurðarráðstafanir vegna smitandi svampheilakvilla

Dýr eldri en 18 mánaða, sem eru aflífuð til eyðingar í samræmi við lið 2.2.1 og b- eða c-lið í lið 2.2.2 í 2. hluta kafla B í VII. viðauka, skulu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuadferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í b-lið liðar 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka, samkvæmt einföldu slembiúrtaki í samræmi við þann fjölda sýna sem settur er fram í eftirfarandi töflu.

Fjöldi dýra, eldri en 18 mánaða, sem er aflífaður til eyðingar í hverjum hópi eða hjörð	Lágmarksstærð úrtaks
70 eða færri	Öll dýr sem uppfylla skilyrðin
80	68
90	73
100	78
120	86
140	92
160	97
180	101
200	105
250	112
300	117

Fjöldi dýra, eldri en 18 mánaða, sem er aflífaður til eyðingar í hverjum hópi eða hjörð	Lágmarksstærð úrtaks
350	121
400	124
450	127
500 eða fleiri	150 ^c

3) Í stað VII. viðauka komi eftirfarandi

„VII. VIÐAUKI

VARNIR GEGN SMITANDI SVAMPHEILAKVILLUM OG ÚTRÝMING ÞEIRRA

KAFLI A

Ráðstafanir í kjölfar gruns um smitandi svampheilakvilla í sauðfé og geitum

Vakni grunur um smitandi svampheilakvilla í sauðfé eða geitum á bújörð í aðildarríki skal setja opinberar takmarkanir á flutning á öllu öðru sauðfé eða geitum frá bújörðinni þar til niðurstöður rannsóknar liggja fyrir.

Ef sannað þykir að ekki sé líklegt að bújörðin, sem dýrið var á þegar grunur um smitandi svampheilakvilla kom upp, sé sú bújörð þar sem dýrið smitaðist af smitandi svampheilakvilla getur lögbært yfirvald ákveðið hvort setja skuli aðrar bújarðir eða einungis smitbújörðina undir opinbert eftirlit, með hliðsjón af fyrirliggjandi faraldsfræðilegum upplýsingum.

Mjólk og mjólkurvörur úr sauðfé og geitum á bújörð sem er undir opinberu eftirliti, sem eru á bújörðinni frá þeim degi sem grunur kemur upp um að smitandi svampheilakvilli sé til staðar og þar til niðurstöður rannsóknar því til staðfestingar liggja fyrir, skal einungis nota á viðkomandi bújörð.

KAFLI B

Ráðstafanir í kjölfar staðfestingar á að smitandi svampheilakvilli hafi komið upp í sauðfé og geitum

1. Í rannsókninni, sem um getur í b-lið 1. mgr. 13. gr., skal tilgreina:

a) þegar um er að ræða nautgripi:

- öll önnur jörturdýr á sömu bújörð og dýrið sem staðfest var að væri með sjúkdóminn,
- ef sjúkdómurinn var staðfestur í kú, afkvæmi sem hún hefur borið innan við tveimur árum fyrir eða eftir þann tíma sem fyrstu klínisku einkenni sjúkdómsins komu í ljós,
- öll dýr í sama aldurshópi og dýrið sem staðfest var að væri með sjúkdóminn,
- hugsanlegan uppruna sjúkdómsins,
- önnur dýr á sömu bújörð og dýrið sem staðfest var að væri með sjúkdóminn eða á öðrum bújörðum sem kunna að hafa sýkst af smitefni smitandi svampheilakvilla eða fengið sama fóður eða komist í snertingu við sama mengunarvald,
- flutninga á föðri eða öðru efni, sem kann að hafa verið mengað, eða allar aðrar smitleiðir sem smitefni smitandi svampheilakvilla hefur getað borist eftir til eða frá viðkomandi bújörð,

b) þegar um er að ræða sauðfé og geitur:

- öll jörturdýr, nema sauðfé og geitur, á sömu bújörð og dýrið sem staðfest var að væri með sjúkdóminn,
- að svo miklu leyti sem unnt er að hafa uppi á þeim: foreldra og, þegar um kvendýr er að ræða, alla fósturvísar, egg og síðasta afkvæmi dýrsins sem staðfest var að væri með sjúkdóminn,
- allt annað sauðfé og allar geitur á sömu bújörð og dýrið sem staðfest var að væri með sjúkdóminn, auk þeirra sem getið er í öðrum undirlit,
- hugsanlegan uppruna sjúkdómsins og aðrar bújarðir þar sem eru dýr, fósturvísar eða egg sem kunna að hafa sýkst af smitefni smitandi svampheilakvilla eða fengið sama fóður eða komist í snertingu við sama mengunarvald,

- flutninga á föðri eða öðru efni sem kann að hafa verið mengað eða allar aðrar smitleiðir sem smitefni smitandi svampheilakvilla hefur getað borist eftir til eða frá viðkomandi bújörð.

2. Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 13. gr., skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

2.1. Ef kúariða í nautgrip hefur verið staðfest: aflifun og algera eyðingu nautgripa sem voru tilgreindir í rannsókninni sem um getur í öðrum og þriðja undirlið a-liðar í 1. lið; þó geta aðildarríkin ákveðið:

- að aflífa ekki og eyða dýrum, sem eru í þeim aldurshópi sem um getur í þriðja undirlið a-liðar í 1. lið, ef sannanir eru fyrir því að slík dýr hafi ekki haft aðgang að sama föðrinu og sýkta dýrið,
- að fresta aflifun og eyðingu dýra í þeim aldurshópi sem um getur í þriðja undirlið a-liðar í 1. lið þangað til afurðaskeiði þeirra lýkur, að því tilskildu að um sé að ræða naut sem er haldið samfelt á sæðingarstöð og að unnt sé að tryggja að þeim verði eytt algerlega eftir dauða þeirra.

2.2. Ef smitandi svampheilakvilli hefur verið staðfestur í sauðfê eða geitum:

2.2.1. Í tilvikum þegar ekki er hægt að útiloka kúariðu

Ef ekki er unnt að útiloka kúariðu eftir niðurstöður hringprófunar sem fer fram í samræmi við þær aðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í c-lið liðar 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka: tafarlaus aflifun og alger eyðing allra dýra, fósturvísa og eggja sem voru tilgreind í rannsókninni sem um getur í öðrum til fimmta undirlið b-liðar í 1. lið.

Dýr eldri en 18 mánaða, sem eru aflífuð til eyðingar, skulu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka, eins og mælt er fyrir um í 5. lið í II. hluta kafla A í III. viðauka.

Ákvarða skal prionprótínarfærð alls sauðfjár, að hámarki í 50 dýrum.

Farga skal mjólk og mjólkurafurðum úr dýrum sem á að eyða, sem voru á bújörðinni frá þeim degi þegar staðfest var að ekki væri hægt að útiloka að kúariða væri fyrir hendi og til þess dags þegar dýrunum var eytt algerlega, í samræmi við 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 (*).

Skilyrðin, sem sett eru fram í 3. lið, skulu gilda um bújörðina að lokinni aflifun og algerri eyðingu dýranna.

2.2.2. Í tilvikum þegar hægt er að útiloka kúariðu og afbrigðilega riðuveiki

Ef kúariða og afbrigðileg riðuveiki eru útilokaðar í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar, sem settar eru fram í c-lið liðar 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka, skal bújörðin falla undir skilyrðin sem sett eru fram í a-lið og, samkvæmt ákvörðun aðildarríkisins sem ber ábyrgð á bújörðinni, skilyrðin í valkosti 1, sem eru sett fram í b-lið, skilyrðin í valkosti 2, sem eru sett fram í c-lið, eða skilyrðin í valkosti 3 sem eru sett fram í d-lið:

- a) Ekki skal nota mjólk og mjólkurafurðir úr dýrum, sem á að eyða eða slátra og sem voru á bújörðinni frá þeim degi þegar tilvik smitandi svampheilakvilla var staðfest og til þess dags þegar lokið var við ráðstafanirnar sem skal beita á bújörðinni, eins og mælt er fyrir um í b- og c-lið, eða úr smituðum hóp/smitaðri hjörð, til að föðra jörturdýr nema þau jörturdýr sem eru á þeirri bújörð fyrr en öll höft, sem mælt er fyrir um í d-lið og í 4. lið, eru afnumin.

Setning slíkrar mjólkur og mjólkurafurða á markað sem föður fyrir önnur dýr en jörturdýr skal takmarkast við fyrrráðasvæði aðildarríkisins sem ber ábyrgð á bújörðinni.

Viðskiptaskjalið, sem fylgir sendingum slíkrar mjólkur og mjólkurafurða og umbúðir sem innihalda slíkar sendingar, skulu greinilega merkt með orðunum: „Má ekki nota sem föður fyrir jörturdýr.“

Banna skal notkun og geymslu föðurs sem inniheldur slíka mjólk og mjólkurafurðir á bújörðum þar sem jörturdýr eru haldin.

Föður í lausu, sem inniheldur slíka mjólk og mjólkurafurðir, skal flutt með ökutækjum sem ekki eru notuð til að flytja samtímis föður fyrir jörturdýr.

Ef slík ökutæki eru síðar notuð til að flytja fóður sem er ætlað jörturdýrum skal hreinsa þau vandlega til að forðast víxlmengun, í samræmi við verklagsreglur sem aðildarríkið, sem ber ábyrgð á bújörðinni, hefur samþykkt.

b) Valkostur 1 — aflifun og alger eyðing allra dýra

Tafarlaus aflifun og alger eyðing allra dýra, fósturvísa og eggja sem eru tilgreind í rannsókninni sem um getur í öðrum og þriðja undirlíð b-liðar í 1. lið.

Dýr eldri en 18 mánaða, sem eru aflifuð til eyðingar, skulu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka, eins og mælt er fyrir um í 5. lið í II. hluta kafla A í III. viðauka.

Ákvarða skal prionprótínarfgerð alls sauðfjár, að hámarki í 50 dýrum.

Þrátt fyrir skilyrðin, sem sett eru fram í fyrstu málsgrein í valkosti 1, geta aðildarríkin ákveðið að framkvæma þess í stað ráðstafanirnar sem taldar eru upp í i. eða ii. lið:

- i. að láta tafarlausu slátrun allra dýranna til manneldis koma í stað tafarlausrar aflifunar og algerrar eyðingar allra dýranna, að því tilskildu að:
 - dýrunum sé slátrað til manneldis innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins sem ber ábyrgð á bújörðinni,
 - öll dýr, sem eru eldri en 18 mánaða og slátrað til manneldis, séu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka,
- ii. að undanþiggja lömb og kiðlinga, sem eru yngri en þriggja mánaða, frá tafarlausri aflifun og algerrri eyðingu, að því tilskildu að þeim sé slátrað til manneldis eigi síðar en þegar þau eru þriggja mánaða.

Ráðstafanirnar, sem settar eru fram í a-lið liðar 2.2.2 og þriðja og fjórða undirlíð b-liðar í lið 3.4, skulu gilda á bújörðinni, þar sem ákveðið hefur verið að beita valkosti 1, fram að aflifun og algerrri eyðingu allra dýra eða slátrun þeirra til manneldis.

Að lokinni aflifun og algerrri eyðingu allra dýra eða slátrun þeirra til manneldis skulu skilyrðin, sem sett eru fram í 3. lið, gilda á bújörðinni þar sem ákveðið hefur verið að beita valkosti 1.

c) Valkostur 2 — aflifun og alger eyðing smitnæmra dýra eingöngu

Prionprótínarfgerðargreining alls sauðfjár sem er á bújörðinni og því næst tafarlaus aflifun og alger eyðing allra dýra, fósturvísa og eggja, sem eru tilgreind í rannsókninni sem um getur í öðrum og þriðja undirlíð b-liðar í 1. lið, að frátöldu eftirfarandi:

- undaneldishrútum af arfgerð ARR/ARR,
- ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu, og, ef slíkar ær til undaneldis eru með fangi þegar rannsóknin er gerð, þeim lömbum sem síðan fæðast, ef arfgerð þeirra uppfyllir kröfurnar í þessari undirgrein,
- sauðfé, sem einungis er ætlað til slátrunar til manneldis og er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,
- ef aðildarríkið sem ber ábyrgð á bújörðinni ákveður það: lömb og kiðlingar yngri en þriggja mánaða að því tilskildu að þeim sé slátrað til manneldis eigi síðar en þegar þau eru þriggja mánaða. Þessi lömb og kiðlingar skulu undanþegin arfgerðargreiningu.

Dýr eldri en 18 mánaða, sem eru aflifuð til eyðingar, skulu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka, eins og mælt er fyrir um í 5. lið í II. hluta kafla A í III. viðauka.

Þrátt fyrir skilyrðin, sem sett eru fram í fyrstu málsgrein í valkosti 2, geta aðildarríkin ákveðið að framkvæma þess í stað ráðstafanirnar sem taldar eru upp í i., ii. og iii. lið:

- i. að láta slátrun dýranna, sem um getur í fyrstu málsgrein valkostar 2, til manneldis koma í stað aflifunar og algerrar eyðingar þeirra að því tilskildu að:
 - dýrunum sé slátrað til manneldis innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins sem ber ábyrgð á bújörðinni,

- öll dýr, sem eru eldri en 18 mánaða og slátrað til manneldis, séu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka,
- ii. að fresta, ekki lengur en í þrjú mánuði, arfgerðargreiningu og síðan aflifun og algerri eyðingu dýranna, sem um getur í fyrstu málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til manneldis, í tilvikum þegar vísitilfellið er staðfest nálægt upphafi sauðburðartímabilsins, að því tilskildu að ám, geitum og nýbornum afkvæmum þeirra sé haldið aðskildum frá sauðfé og geitum frá öðrum bújörðum allan þann tíma,
- iii. að fresta, í að hámarki þrjú ár frá þeim degi sem vísitilfellið er staðfest, aflifun og algerri eyðingu dýranna, sem um getur í fyrstu málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til manneldis, í sauðfjárhópum og á bújörðum þar sem sauðfé og geitur eru haldin saman. Beiting undanþágunnar, sem sett er fram í þessari málsgrein, skal takmarkast við tilvik þar sem aðildarríkið, sem ber ábyrgð á bújörðinni, telur að ekki sé hægt að takast á við faraldsfræðilegu aðstæðurnar án þess að aflífa viðkomandi dýr en að ekki sé unnt að gera það strax vegna lítils þols sauðfjárstofnsins á bújörðinni ásamt öðrum athugunarefnum, þ.m.t. efnahagslegum þáttum. Undaneldishrúta af öðrum arfgerðum en ARR/ARR skal aflífa eða vana án tafar og gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að byggja hratt upp arfbundið þol í sauðfjárstofninum á bújörðinni, þ.m.t. með markvissum kynbótum og förgun áa til að auka tíðni ARR-genasamsættunnar og eyða VRQ-genasamsættunni. Aðildarríkið, sem ber ábyrgð á bújörðinni, skal sjá til þess að sá fjöldi dýra sem á að aflífa þegar frestinum lýkur sé ekki meiri en strax eftir að vísitilfellið var staðfest.

Fram að aflifun og algerri eyðingu dýranna, sem um getur í fyrstu málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til manneldis skulu eftirfarandi ráðstafanir gilda á bújörðinni þar sem ákveðið hefur verið að beita valkosti 2: a-liður í lið 2.2.2, liður 3.1, a- og b-liður í lið 3.2, liður 3.3, og fyrsti og annar undirliður a-liðar, fyrsti, þriðji og fjórði undirliður b-liðar og c-liður í lið 3.4. Ef aðildarríkið, sem ber ábyrgð á bújörðinni, ákveður hins vegar að fresta aflifun og algerri eyðingu dýranna eða slátrun þeirra til manneldis í samræmi við iii. lið skulu eftirfarandi ráðstafanir gilda í staðinn á bújörðinni: a-liður í lið 2.2.2 og liðir 4.1 til 4.6.

Að lokinni aflifun og algerri eyðingu allra dýra, sem um getur í fyrstu undirgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til manneldis skulu skilyrðin, sem sett eru fram í 3. lið, gilda um bújarðir þar sem ákveðið hefur verið að beita valkosti 2.

d) Valkostur 3 — aflifun og alger eyðing allra dýra er ekki skyldubundin

Aðildarríki getur ákveðið að hvorki aflífa né eyða algerlega þeim dýrum sem tilgreind eru í rannsókninni sem um getur í öðrum og þriðja undirlið b-liðar í 1. lið ef viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í a.m.k. einum eftirfarandi fjögurra undirliða, eru uppfylltar:

- erfitt er að fá í staðinn sauðfé með arfgerðir sem leyfðar eru skv. a- og b-lið liðar 3.2,
- tíðni ARR-genasamsættunnar í búfjárkyninu eða á bújörðinni er lág,
- það er talið nauðsynlegt til að forðast innræktun,
- aðildarríkið telur það nauðsynlegt, byggt á rökstuddri athugun á öllum faraldsfræðilegum þáttum.

Þau aðildarríki sem leyfa beitingu valkostar 3 við stjórnun á uppkomum dæmigerðrar riðuveiki skulu halda skrár yfir ástæðurnar og viðmiðanirnar sem liggja að baki hverrar einstakrar ákvörðunar um beitingu hans.

Ef fleiri tilvik dæmigerðrar riðuveiki greinast á bújörð þar sem valkosti 3 er beitt skal aðildarríkið endurmeta réttmæti ástæðnanna og viðmiðananna að baki ákvörðunarinnar um að beita valkosti 3 á þeirri bújörð. Ef niðurstaðan er sú að beiting valkostar 3 nægi ekki til að halda uppkomunni almennilega í skefjum skal aðildarríkið breyta stjórnuninni á þessari bújörð frá valkosti 3 yfir í valkosti 1 eða 2, eins og mælt er fyrir um í b- og c-lið.

Ákvarða skal prionprótínarfgerð alls sauðfjár, að hámarki í 50 dýrum, innan þriggja mánaða frá því að vísitilfelli dæmigerðrar riðuveiki er staðfest.

Skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið liðar 2.2.2 og 4. lið, skulu tafarlaust gilda um bújörð þar sem ákveðið hefur verið að beita valkosti 3.

2.2.3. Í tilvikum þegar afbrigðileg riðuveiki er staðfest

Ef tilvik smitandi svampheilakvilla, sem er staðfest á bújörð, er afbrigðilegt tilvik riðuveiki skal bújörðin falla undir eftirfarandi áætlun um aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla í tvö ár frá greiningu síðasta afbrigðilegs tilviks riðuveiki: allt sauðfé og allar geitur eldri en 18 mánaða, sem er slátrað til manneldis, og allt sauðfé og allar geitur eldri en 18 mánaða, sem hafa drepist eða verið aflífuð á bújörðinni, skulu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

Ef tilvik annarrar gerðar smitandi svampheilakvilla en afbrigðilegrar riðuveiki er staðfest á tveggja ára tímabilinu með aukinni vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, sem um getur í fyrsta lið, skal bújörðin falla undir ráðstafanirnar sem um getur í lið 2.2.1 eða 2.2.2.

2.3. Ef komið hefur verið með dýr, sem er smitað af smitandi svampheilakvilla, frá annarri bújörð:

- a) getur aðildarríki ákveðið, á grundvelli sögu smitaða dýrsins, að beita niðurskurðarráðstöfunum á upprunabújörðinni til viðbótar við eða í staðinn fyrir bújörðina þar sem sýkingin var staðfest,
- b) ef um er að ræða land sem er notað sem sameiginlegt beitiland fyrir fleiri en einn hóp eða hjörð geta aðildarríkin ákveðið að takmarka beitingu þessara niðurskurðarráðstafana við einn hóp eða eina hjörð, byggt á rökstuddri athugun á öllum faraldsfræðilegu þáttunum,
- c) þegar fleiri en einum hópi eða fleiri en einni hjörð er haldin á einni bújörð geta aðildarríkin ákveðið að takmarka beitingu niðurskurðarráðstafananna við þann hóp eða þá hjörð sem smitandi svampheilakvilli hefur verið staðfestur í, að því tilskildu að það hafi verið staðfest að hóparnir eða hjarðirnar hafi verið einangraðar hvor frá annarri og að útbreiðsla sýkingar milli hópa eða hjarða, annaðhvort með beinni eða óbeinni snertingu, teljist ólíkleg.

3. Að lokinni aflífum og algerrri eyðingu allra dýra, sem tilgreind eru á bújörð, eða slátrunar þeirra til manneldis, í samræmi við lið 2.2.1, b-lið í lið 2.2.2 eða c-lið í lið 2.2.2:

3.1. Bújörðin skal falla undir áætlun um aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, þ.m.t. prófanir á öllum eftirfarandi dýrum sem eru eldri en 18 mánaða, nema sauðfé af ARR/ARR-arfgerð, til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla, í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka:

- a) dýrum sem voru haldin á bújörðinni þegar tilvik smitandi svampheilakvilla var staðfest, í samræmi við c-lið liðar 2.2.2, og var slátrað til manneldis,
- b) dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð á bújörðinni en voru ekki aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.

3.2. Einungis er heimilt að koma með eftirfarandi dýr inn á bújörðina:

- a) hrúta af arfgerðinni ARR/ARR,
- b) ær sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,
- c) geitur, að því tilskildu að hreinsun og sóthreinsun allra gripahúsa á staðnum hafi farið fram eftir að stofninn var skorinn niður.

3.3. Einungis er heimilt að nota eftirfarandi undaneldishrúta, sæði og fósturvísa úr sauðfé á bújörðinni:

- a) hrúta af arfgerðinni ARR/ARR,
- b) sæði úr hrútum af arfgerðinni ARR/ARR,
- c) fósturvísa sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu.

3.4. Tilflutningur á dýrum frá bújörðinni skal annaðhvort leyfður til eyðingar eða skal háður eftirfarandi skilyrðum:

- a) flytja má eftirfarandi dýr frá bújörðinni í hvaða tilgangi sem er, þ.m.t. til undaneldis:
 - sauðfé af ARR/ARR-arfgerð,
 - ær sem eru með eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu, að því tilskildu að þær séu fluttar til annarra bújarða sem falla undir takmarkanir eftir beitingu ráðstafana í samræmi við c- eða d-lið liðar 2.2.2,

- geitur, að því tilskildu að þær séu fluttar til annarra bújarða sem falla undir takmarkanir eftir beitingu ráðstafana í samræmi við c- eða d-lið liðar 2.2.2,
 - b) flytja má eftirfarandi dýr frá bújörðinni beint til slátrunar til manneldis:
 - sauðfé með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,
 - geitur,
 - ef aðildarríkið ákveður það: lömb og kiðlinga sem eru yngri en þriggja mánaða við slátrun,
 - öll dýr ef aðildarríkið hefur ákveðið að beita undanþágunum sem mælt er fyrir um í i. lið b-liðar í lið 2.2.2 og í lið c-liðar í lið 2.2.2,
 - c) ef aðildarríkið ákveður það má flytja lömb og kiðlinga á eina aðra bújörð innan yfirráðasvæðis þess, eingöngu til eldis fyrir slátrun, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
 - ekkert sauðfé eða geitur eru á viðtökubújörðinni nema dýr sem eru í eldi fyrir slátrun,
 - í lok eldistímans skal flytja lömb og kiðlinga frá bújörðum, sem falla undir niðurskurðarráðstafanir, beint í slátruhús sem er staðsett innan yfirráðasvæðis sama aðildarríkis, til slátrunar eigi síðar en við 12 mánaða aldur.
- 3.5. Takmarkanirnar, sem settar eru fram í liðum 3.1 til 3.4, skulu gilda áfram um bújörðina:
- a) þar til allt sauðfé á bújörðinni hefur ARR/ARR-stöðu, að því tilskildu að engar geitur séu haldnar á bújörðinni eða
 - b) í tvö ár frá því að beitingu allra ráðstafananna, sem um getur í lið 2.2.1, b-lið liðar 2.2.2 eða c-liðar liðar 2.2.2, lýkur, að því tilskildu að ekkert tilvik smitandi svampheilakvilla annað en afbrigðileg riðuveiki greinist á þessu tveggja ára tímabili. Ef tilvik afbrigðilegrar riðuveiki er staðfest á þessu tveggja ára tímabili skal bújörðin einnig falla undir ráðstafanirnar sem um getur í lið 2.2.3.
4. Eftirfarandi ráðstafanir skulu tafarlaust gilda á bújörðinni eftir að ákvörðun er tekin um að beita valkosti 3 sem mælt er fyrir um í d-lið liðar 2.2.2 eða undanþágunni sem kveðið er á um í iii. lið c-liðar í lið 2.2.2:
- 4.1. Bújörðin skal falla undir áætlun um aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, þ.m.t. prófanir á öllum eftirfarandi dýrum sem eru eldri en 18 mánaða, nema sauðfé af ARR/ARR-arfgerð, til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla, í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka:
- a) dýrum sem hefur verið slátrað til manneldis,
 - b) dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð á bújörðinni en voru ekki aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.
- 4.2. Einungis er heimilt að koma með eftirfarandi sauðfé inn á bújörðina:
- a) hrúta af arfgerðinni ARR/ARR,
 - b) ær sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu.
- Þrátt fyrir a- og b-lið getur aðildarríki leyft að komið sé með dýrin, sem um getur í c- og d-lið, inn á bújörð ef búfjáarkynið sem þar er alið er skráð hjá aðildarríkinu sem staðbundið búfjáarkyn sem hætta er á að tapist úr búfjárrækt í samræmi við IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1974/2006 (**)
og ef tíðni ARR-genasamsætunnar innan búfjáarkynsins er lág:
- c) hrúta sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu,
 - d) ær sem eru ekki með neina VRQ-genasamsætu.
- 4.3. Einungis er heimilt að nota eftirfarandi undaneldishrúta, sæði og fósturvísu úr sauðfé á bújörðinni:
- a) hrúta af arfgerðinni ARR/ARR,
 - b) sæði úr hrútum af arfgerðinni ARR/ARR,

- c) fósturvísar sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu.

Þrátt fyrir a-, b- og c-lið geta aðildarríkin þó leyft að undaneldishrútarnir og sæðið og fósturvísarnir, sem um getur í d-, e- og f-lið, séu notuð á bújörð ef búfjáarkynið sem þar er alið er skráð hjá aðildarríkinu sem staðbundið búfjáarkyn sem hættu er á að tapist úr búfjárrækt í samræmi við IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1974/2006 (*) og ef tíðni ARR-genasamsætunnar innan búfjáarkynsins er lág:

- d) hrúta sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu,
- e) sæði hrúta sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu,
- f) fósturvísar sem ekki eru með neina VRQ-genasamsætu.

4.4. Tilflutningur á dýrum frá bújörðinni skal leyfður til eyðingar eða skal háður eftirfarandi skilyrðum:

- a) flutningur á hrútum og ám af ARR/ARR-arfgerð frá bújörðinni er frjálss, þ.m.t. til undaneldis, að því tilskildu að dýrin séu flutt til annarra bújarða sem falla undir beitingu ráðstafana í samræmi við c- eða d-lið liðar 2.2.2,

- b) flytja má eftirfarandi dýr frá bújörðinni beint til slátrunar til manneldis:

- annaðhvort sauðfé með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og, ef aðildarríkið ákveður það, lömb og kiðlinga sem eru yngri en þriggja mánaða við slátrun,
- eða öll dýr ef aðildarríkið hefur ákveðið að beita undanþágunni í valkosti 2 sem mælt er fyrir um í iii. lið c-liðar í lið 2.2.2 eða í valkosti 3 sem mælt er fyrir um í d-lið liðar 2.2.2.

- c) ef aðildarríkið ákveður það má flytja lömb og kiðlinga á eina aðra bújörð innan yfirráðasvæðis þess, eingöngu til eldis fyrir slátrun, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- ekkert sauðfé eða geitur skal vera á viðtökubújörð nema dýr sem eru í eldi fyrir slátrun,
- í lok eldistímans skal flytja lömb og kiðlinga frá bújörðum, sem falla undir niðurskurðarráðstafanir, beint í slátruhús sem er staðsett innan yfirráðasvæðis sama aðildarríkis, til slátrunar eigi síðar en við 12 mánaða aldur.

4.5. Flutningur á sæði og fósturvísur frá bújörðinni skal háður eftirfarandi skilyrðum: aðildarríkið skal sjá til þess að ekkert sæði, engir fósturvísar og engar eggfrumur séu send frá bújörðinni.

4.6. Sameiginleg beit alls sauðfjár og allra geita á bújörðinni með sauðfé og geitum frá öðrum bújörðum skal bönnuð á tímabilinu þegar ær og geitur eru að bera.

Utan tímabilsins þegar ær og geitur eru að bera skal sameiginleg beit falla undir takmarkanir sem aðildarríkið ákveður, byggt á rökstuddri athugun á öllum faraldsfræðilegum þáttum.

4.7. Takmarkanirnar, sem settar eru fram í a-lið liðar 2.2.2 og í liðum 4.1 til 4.6, skulu gilda áfram í tvö ár eftir að síðasta tilvik smitandi svampheilakvilla, annað en afbrigðilegrar riðuveiki, greinist á bújörðum þar sem valkosti 3, sem mælt er fyrir um í d-lið liðar 2.2.2, hefur verið beitt. Ef tilvik afbrigðilegrar riðuveiki er staðfest á þessu tveggja ára tímabili skal bújörðin einnig falla undir ráðstafanirnar sem um getur í lið 2.2.3.

Á bújörðum þar sem undanþágunni frá valkosti 2, sem kveðið er á um í iii. lið c-liðar í lið 2.2.2, hefur verið beitt skulu takmarkanirnar, sem settar eru fram í a-lið liðar 2.2.2 og í liðum 4.1 til 4.6, gilda fram að algerri eyðingu dýranna, sem tilgreind eru til aflifunar í samræmi við c-lið liðar 2.2.2, eða slátrun þeirra til manneldis en að því loknu gilda takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í 3. lið.

KAFLI C

Lágmarkskröfur varðandi kynbótaáætlanir með tilliti til þols gegn smitandi svampheilakvilla í sauðfé í samræmi við 6. gr. A

1. HLUTI

Almennar kröfur

1. Kynbótaáætlunin skal beinast að hópum með mikið erfðafræðilegt gildi, eins og skilgreint er í 3. lið I viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/1003/EB.

Hins vegar geta aðildarríki, þar sem kynbótaáætlun er til staðar, ákveðið að leyfa sýnatöku og arfgerðargreiningu eingöngu á kynbótahrútum í hópum sem ekki eru inni í kynbótaáætluninni.

2. Koma skal upp gagnasafni þar sem fram koma a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
 - a) auðkenni, búfjáarkyn og fjöldi dýra í öllum hópum sem eru inni í kynbótaáætluninni,
 - b) auðkenning á einstökum dýrum sem sýni voru tekin úr samkvæmt kynbótaáætluninni, þ.m.t. úr undaneldishrútum í hópum sem ekki eru inni í kynbótaáætluninni,
 - c) niðurstöður allra arfgerðargreiningaprófana.
3. Koma skal á samræmdu vottunarkerfi þar sem arfgerð allra dýra, sem sýni er tekið úr vegna kynbótaáætlunarinnar, þ.m.t. kynbótahrútar sem sýni er tekið úr en sem tilheyra hópum sem ekki eru inni í áætluninni, er vottuð með vísun í einstaklingsbundið auðkennisnúmer hvers dýrs.
4. Koma skal á kerfi til auðkenningar á dýrum og sýnum, til vinnslu á sýnum og afhendingar á niðurstöðum sem dregur úr líkum á mannlegum mistökum. Skilvirkni kerfisins skal sæta reglulegum slembiathugunum.
5. Arfgerðargreining á blóði eða öðrum vefjum sem safnað er vegna kynbótaáætlunarinnar, þ.m.t. úr undaneldishrútum sem sýni eru tekið úr en sem tilheyra hópum sem ekki eru inni í áætluninni, skal framkvæmd á rannsóknarstofum sem hafa verið samþykktar samkvæmt kynbótaáætluninni.
6. Lögþæru yfirvaldi aðildarríkis er heimilt að aðstoða ræktunarfélög við að koma upp genaböndum sem samanstanda af sæði, eggjum og fósturvísnum sem eru dæmigerð fyrir þær príonprótínarfgerðir sem líklegt er að verði sjaldgæfar vegna kynbótaáætlunarinnar.
7. Gera skal kynbótaáætlanir fyrir hvert búfjáarkyn og taka tillit til:
 - a) tíðni mismunandi genasamsæta innan tegundarinnar,
 - b) fágætis tegundar,
 - c) þess að komist verði hjá skyldleikaræktun eða genaflökti.

2. HLUTI

Sértækar reglur um hópa sem eru inni í áætluninni

1. Kynbótaáætlunin skal miða að því að auka tíðni ARR-genasamsætunnar innan hópsins og draga um leið úr algengi þeirra genasamsæta sem sýnt hefur verið fram á að stuðli að næmleika gagnvart smitandi svampheilakvilla.
2. Lágmarkskröfur er varða þá hópa sem eru inni í áætluninni skulu vera eftirfarandi:
 - a) öll dýrin í hópnum, sem á að arfgerðargreina, skulu auðkennd hvert um sig með öruggu móti,
 - b) allir hrútar, sem eru ætlaðir til undaneldis innan hóps, skulu arfgerðagreindir áður en þeir eru notaðir til undaneldis,
 - c) öllum karldýrum með VRQ-genasamsætu skal slátrað eða þau vönuð innan sex mánaða frá því að arfgerðin er greind; slík dýr skal ekki flytja frá bújörðinni nema til slátrunar,
 - d) kvendýr, sem vitað er að bera VRQ-genasamsætuna, skal ekki flytja frá bújörðinni nema til slátrunar,
 - e) karldýr, þ.m.t. sæðisgjafar sem eru notaðir til gervisæðingar, aðrir en þeir sem eru vottaðir vegna kynbótaáætlunarinnar, skal ekki nota til undaneldis innan hóps.
3. Aðildarríkin geta veitt undanþágur frá þeim kröfum sem settar eru fram í c- og d-lið 2. liðar til varðveislu á búfjáarkynjum og framleiðslueiginleikum.
4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar undanþágur sem eru veittar skv. 3. lið og um þær viðmiðanir sem farið var eftir.

3. HLUTI

Sértekar reglur varðandi undaneldishrúta í hópum sem ekki eru inni í kynbótaáætluninni

1. Hrútar sem á að taka sýni úr skulu auðkenndir hver um sig með öruggu móti.
2. Hrúta, sem bera VRQ-genasamsætuna, skal ekki flytja frá bújörðinni nema til slátrunar.

4. HLUTI

Rammi vegna viðurkenningar á að sauðfjárhópar hafi þá stöðu að hafa þol gegn smitandi svampheilakvilla

1. Innan rammans vegna viðurkenningar á að sauðfjárhópar hafi þá stöðu að hafa þol gegn smitandi svampheilakvilla skal viðurkenna að sauðfjárhópar sem uppfylla, vegna þátttöku í kynbótaáætluninni eins og kveðið er á um í 6. gr. a, þær viðmiðanir sem krafist er í áætluninni, hafi þá stöðu að hafa þol gegn smitandi svampheilakvilla.

Þessi viðurkenning skal veitt a.m.k. á eftirfarandi tveimur stigum:

- a) I. stigs hópar eru sauðfjárhópar sem eru eingöngu af ARR/ARR-arfgerð,
- b) II. stigs hópar eru hópar þar sem afkvæmin eru eingöngu undan hrútum af ARR/ARR-arfgerð.

Aðildarríkin geta ákveðið að viðurkenna fleiri stig sem henta kröfum hvers lands.

2. Taka skal slembisýni reglubundið úr sauðfjárhópum sem hafa þol gegn smitandi svampheilakvilla:
 - a) á bújörðinni eða í sláturhúsi til að sannreyna arfgerð þeirra,
 - b) þegar um er að ræða I. stigs hópa, vegna prófana, í samræmi við III. viðauka, vegna smitandi svampheilakvilla hjá dýrum sem eru eldri en 18 mánaða.

5. HLUTI

Skýrslur sem aðildarríkjunum ber að láta framkvæmdastjórninni í té

Aðildarríki sem innleiða eigin kynbótaáætlanir í því skyni að velja úr sauðfjárstofnum sínum með tilliti til þols gegn smitandi svampheilakvilla skulu:

1. tilkynna framkvæmdastjórninni um þær kröfur sem varða slíkar áætlanir,
2. leggja ársskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um þróunina.

Skýrsla fyrir hvert almanaksár skal lögð fram eigi síðar en 31. mars árið eftir.

(*) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(**) Stjtið. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 15.“

- 4) Í stað kafla A í VIII. viðauka komi eftirfarandi:

„KAFLI A

Skilyrði fyrir viðskiptum innan Sambandsins með lifandi dýr, fósturvísu og egg

ÞÁTTUR A

Skilyrði sem gilda um sauðfé og geitur og sæði þeirra og fósturvísu

1. Bújarðir þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg og þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er haldið í skefjum:
 - 1.1. Aðildarríkin geta komið á fót eða haft umsjón með opinberri áætlun um viðurkenningu fyrir bújarðir þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg og þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er haldið í skefjum.

Þegar þau gera slíkt skulu þau halda skrá yfir bújarðir með sauðfé og geitur þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg og þar sem áhættunni er haldið í skefjum.
 - 1.2. Viðurkenna má sauðfjárbújarðir með I. stigs stöðu að því er varðar þol gegn smitandi svampheilakvilla, eins og mælt er fyrir um í a-lið 1. liðar í 4. hluta kafla C í VII. viðauka og þar sem ekkert tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest þar í a.m.k. sjö ár, sem bújarðir þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg.

Einnig má viðurkenna bújarðir með sauðfé eða geitur eða sauðfé og geitur sem bújarðir þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg, að því tilskildu að þær hafi uppfyllt eftirfarandi skilyrði í a.m.k. sjö ár:

- a) sauðfé og geitur eru varanlega auðkennd og þar eru haldnar skrár til að gera það kleift að rekja dýrin aftur til bújarðarinnar þar sem þau fæddust,
- b) haldnar eru skrár um tilflutning sauðfjár og geita til og frá bújörðinni,
- c) einungis má koma með eftirfarandi sauðfé og geitur inn á bújörðina:
 - i. sauðfé og geitur frá bújörðum þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg,
 - ii. sauðfé og geitur frá bújörðum sem hafa uppfyllt skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a- til i-lið, í a.m.k. sjö ár eða a.m.k. jafn lengi og bújörðin þangað sem á að flytja dýrin,
 - iii. sauðfé af prionprótínarfgerðinni ARR/ARR,
- d) opinber dýralæknir eða dýralæknir, sem hefur til þess leyfi frá lögbæru yfirvaldi, framkvæmir reglulegar skoðanir á bújörðinni til að staðfesta að farið sé að ákvæðum a- til i-liðar og skulu þær fara fram a.m.k. einu sinni á ári frá 1. janúar 2014,
- e) ekkert tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest,
- f) opinber dýralæknir skoðar allt sauðfé og allar geitur eldri en 18 mánaða sem er slátrað til manneldis og öll dýr sem sýna merki um vanþrif eða taugafraðileg einkenni eða eru send til neyðarslátrunar eru prófuð með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki á rannsóknarstofu í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

Til 31. desember 2013 skal prófa allt sauðfé og allar geitur, sem um getur í 3. lið II. hluta kafla A í III. viðauka, eldri en 18 mánaða, sem hafa drepist eða verið aflífuð af öðrum ástæðum en til slátrunar til manneldis, á rannsóknarstofu með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

Frá 1. janúar 2014 skal prófa allt sauðfé og allar geitur eldri en 18 mánaða sem hafa drepist eða verið aflífuð af öðrum ástæðum en til slátrunar til manneldis, á rannsóknarstofu með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

Þrátt fyrir skilyrðin sem sett eru fram í annarri og þriðju málsgrein f-liðar geta aðildarríkin ákveðið að beita ákvæðum fyrstu málsgreinar f-liðar um sauðfé og geitur eldri en 18 mánaða sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og er fargað þegar afurðaskeiði þeirra lýkur í stað þess að vera slátrað til manneldis.

Auk skilyrðanna sem sett eru fram í a- til f-lið skal uppfylla eftirfarandi skilyrði frá 1. janúar 2014:

- g) einungis má koma með eftirfarandi fósturvísu/eggfrumur sauðfjár og geita inn á bújörðina:
 - i. fósturvísu/eggfrumur úr gjafadýrum sem hafa verið haldin frá fæðingu í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða á bújörð þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - þau eru varanlega auðkennd til að hægt sé að rekja þau til bújarðarinnar þar sem þau fæddust,
 - þau hafa verið haldin frá fæðingu á bújörðum þar sem ekki var staðfest neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki meðan þau dvöldu þar,
 - þau sýndu engin klínísk einkenni um dæmigerða riðuveiki þegar söfnun fósturvísanna/eggfrumnanna fór fram,
 - ii. fósturvísu/eggfrumur sauðfjár af prionprótínarfgerðinni ARR/ARR,
- h) einungis má koma með eftirfarandi sæði sauðfjár og geita inn á bújörðina:
 - i. sæði úr gjafadýrum sem hafa verið haldin frá fæðingu í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða á bújörð þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - þau eru varanlega auðkennd til að hægt sé að rekja þau til bújarðarinnar þar sem þau fæddust,
 - þau sýndu engin klínísk einkenni um dæmigerða riðuveiki þegar söfnun sæðisins fór fram,

- ii. sauðfjársæði úr hrútum af prionprótínarfgerðinni ARR/ARR,
 - i) sauðfé og geitur á bújörðinni komast hvorki í beina né óbeina snertingu við sauðfé og geitur frá bújörðum með lakari stöðu, þ.m.t. við sameiginlega beit.
- 1.3. Bújörð með sauðfé og/eda geitur getur verið viðurkennd sem bújörð þar sem áhættu í tengslum við dæmigerða riðuveiki er haldið í skefjum, að því tilskildu að hún hafi uppfyllt eftirfarandi skilyrði í a.m.k. þrjú ár:
- a) sauðfé og geitur eru varanlega auðkennd og þar eru haldnar skrár til að gera það kleift að rekja dýrin aftur til bújarðarinnar þar sem þau fæddust,
 - b) haldnar eru skrár um tilflutning sauðfjár og geita til og frá bújörðinni,
 - c) einungis má koma með eftirfarandi sauðfé og geitur inn á bújörðina:
 - i. sauðfé og geitur frá bújörðum þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum,
 - ii. sauðfé og geitur frá bújörðum sem hafa uppfyllt skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a- til i-lið, í a.m.k. þrjú ár eða a.m.k. jafn lengi og bújörðin þangað sem á að flytja dýrin,
 - iii. sauðfé af prionprótínarfgerðinni ARR/ARR,
 - d) opinber dýralæknir eða dýralæknir, sem hefur til þess leyfi frá lögbæru yfirvaldi, framkvæmir reglulegar skoðanir á bújörðinni til að staðfesta að farið sé að ákvæðum a- til i-liðar og skulu þær fara fram a.m.k. einu sinni á ári frá 1. janúar 2014,
 - e) ekkert tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest,
 - f) opinber dýralæknir skoðar allt sauðfé og allar geitur eldri en 18 mánaða sem er slátrað til mannelis og öll dýr sem sýna merki um vanþrif eða taugafræðileg einkenni eða eru send til neyðarslátrunar eru prófuð með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki á rannsóknarstofu í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

Til 31. desember 2013 skal prófa allt sauðfé og allar geitur, sem um getur í 3. lið II. hluta kafla A í III. viðauka, eldri en 18 mánaða, sem hafa drepist eða verið aflífuð af öðrum ástæðum en til slátrunar til mannelis, á rannsóknarstofu með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

Frá 1. janúar 2014 skal prófa allt sauðfé og allar geitur eldri en 18 mánaða sem hafa drepist eða verið aflífuð af öðrum ástæðum en til slátrunar til mannelis, á rannsóknarstofu með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

Þrátt fyrir skilyrðin sem sett eru fram í annarri og þriðju málsgrein f-liðar geta aðildarríkin ákveðið að beita ákvæðum fyrstu málsgreinar f-liðar um sauðfé og geitur eldri en 18 mánaða sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og er fargað þegar afurðaskeiði þeirra lýkur í stað þess að vera slátrað til mannelis.

Auk skilyrðanna sem sett eru fram í a- til f-lið skal uppfylla eftirfarandi skilyrði frá 1. janúar 2014:

- g) einungis má koma með eftirfarandi fósturvísa/eggfrumur sauðfjár og geita inn á bújörðina:
 - i. fósturvísa/eggfrumur úr gjafadýrum sem hafa verið haldin frá fæðingu í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða á bújörð þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - þau eru varanlega auðkennd til að hægt sé að rekja þau til bújarðarinnar þar sem þau fæddust,
 - þau hafa verið haldin frá fæðingu á bújörðum þar sem ekki var staðfest neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki meðan þau dvöldu þar,
 - þau sýndu engin klínísk einkenni um dæmigerða riðuveiki þegar söfnun fósturvísanna/eggfrumnanna fór fram,
 - ii. fósturvísa/eggfrumur sauðfjár af prionprótínarfgerðinni ARR/ARR,

- h) einungis má koma með eftirfarandi sæði sauðfjár og geita inn á bújörðina:
- i. sæði úr gjafadýrum sem hafa verið haldin frá fæðingu í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða á bújörð þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - þau eru varanlega auðkennd til að hægt sé að rekja þau til bújarðarinnar þar sem þau fæddust,
 - þau sýndu engin klínísk einkenni um dæmigerða riðuveiki þegar söfnun sæðisins fór fram,
 - ii. sauðfjársæði úr hrútum af prionprótínarfgerðinni ARR/ARR,
- i) sauðfé og geitur á bújörðinni komast hvorki í beina né óbeina snertingu við sauðfé og geitur frá bújörðum með lakari stöðu, þ.m.t. við sameiginlega beit.

1.4. Ef tilvik dæmigerðrar riðuveiki er staðfest á bújörð þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða á bújörð sem uppgötvast hefur í rannsókn, sem um getur í 1. hluta kafla B í VII. viðauka, að hafi faraldsfræðileg tengsl við bújörð þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, skal bújörðin, þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, umsvifalaust felld brott úr skránni sem um getur í lið 1.1.

Aðildarríkið skal umsvifalaust tilkynna öðrum aðildarríkjum, sem hafa flutt inn sauðfé og geitur, sem eru upprunnin á þeirri bújörð, eða sæði eða fósturvísu úr sauðfé og geitum sem hafa verið haldin á bújörðinni undanfarin sjö ár ef um er að ræða bújörð þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða undanfarin þrjú ár ef um er að ræða bújörð þar sem henni er haldið í skefjum.

2. Aðildarríki eða svæði í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg
- 2.1. Telji aðildarríki að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki á yfirráðasvæði þess eða hluta yfirráðasvæðis þess sé óveruleg skal það leggja viðeigandi skjöl því til stuðnings fyrir framkvæmdastjórnina, þar sem einkum kemur fram að:
- a) áhættumat hafi farið fram og leitt í ljós að viðeigandi ráðstafanir séu til staðar og hafi verið gerðar í það langan tíma að stjórn er á allri áhættu sem greinst hefur. Í þessu áhættumati skal tilgreina alla hugsanlega þætti sem varða uppkomu dæmigerðrar riðuveiki og einnig frá sögulegu sjónarmiði, einkum:
 - i. innflutning eða aðflutning sauðfjár og geita eða sæðis þeirra og fósturvísu sem hugsanlega eru sýkt af dæmigerðri riðuveiki,
 - ii. umfang þekkingar á samsetningu stofnsins og búskaparháttum í tengslum við sauðfé og geitur,
 - iii. venjur tengdar fôðrun, þ.m.t. neyslu kjöt- og beinamjöls eða hamsa úr jörturdýrum,
 - iv. innflutning mjólkur og mjólkurafurða úr sauðfé og geitum sem ætluð eru til notkunar í fôður fyrir sauðfé og geitur,
 - b) í a.m.k. sjö ár hafa sauðfé og geitur, sem sýna klínísk einkenni sem samrýmast dæmigerðri riðuveiki, verið prófuð,
 - c) í a.m.k. sjö ár hefur nægjanlegu fjöldi sauðfjár og geita, eldri en 18 mánaða, sem er dæmigerður fyrir þau dýr sem slátrað, fargað eða finnast dauð á býli, verið prófaður árlega þannig að 95% áreiðanleiki náist í greiningu á dæmigerðri riðuveiki ef hún er til staðar í þeim stofni í tíðni yfir 0,1% og ekki hefur verið tilkynnt um neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki á því tímabili,
 - d) fôðrun sauðfjár og geita á kjöt- og beinamjöli eða hömsum úr jörturdýrum hefur verið bönnuð og banninu fylgt eftir á skilvirkan hátt í öllu aðildarríkinu í a.m.k. sjö ár,
 - e) aðflutningur á sauðfé og geitum og sæði þeirra og fósturvísu frá öðrum aðildarríkjum fer fram í samræmi við b-lið liðar 4.1. eða lið 4.2,
 - f) aðflutningur á sauðfé og geitum og sæði þeirra og fósturvísu frá þriðju löndum fer fram í samræmi við kafla E eða kafla H í IX. viðauka.
- 2.2. Samþykkinga má þá stöðu aðildarríkis eða svæðis innan aðildarríkis að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki sé óveruleg, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á þeim upplýsingum sem lagðar eru fram í samræmi við lið 2.1 og varða sjúkdóminn.

Hægt er að afturkalla þá stöðu að áhættan sé óveruleg, sem er samþykkt í samræmi við lið 2.2, á grundvelli slíkrar tilkynningar, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

3. Landsbundnar varnaráætlanir vegna dæmigerðrar riðuveiki:

3.1. Aðildarríki sem heldur úti landsbundinni varnaráætlun vegna dæmigerðrar riðuveiki á öllu yfirráðasvæði sínu:

a) getur lagt landsbundna varnaráætlun sína fyrir framkvæmdastjórnina og þar einkum tilgreint:

- útbreiðslu dæmigerðrar riðuveiki í því aðildarríki,
- ástæðurnar fyrir landsbundnu varnaráætluninni, að teknu tilliti til mikilvægis sjúkdómsins og hlutfalls kostnaðar og ábata,
- stöðuflokkun sem skilgreind er fyrir bújarðirnar og kröfur sem þarf að uppfylla í hverjum flokki,
- prófunaraðferðir sem á að nota,
- vöktunaraðferðir landsbundnu varnaráætlunarinnar,
- aðgerðir sem grípa skal til ef bújörðin glatar stöðu sinni af einhverjum ástæðum,
- ráðstafanir sem gera skal ef niðurstöður úr eftirliti, sem fer fram í samræmi við ákvæði landsbundnu varnaráætlunarinnar, eru jákvæðar,

b) samþykkja má áætlunina, sem um getur í a-lið, ef hún er í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þeim lið, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.; samþykkja má breytingar eða viðbætur við áætlunirnar sem aðildarríki leggja fram í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

3.2. Landsbundnar riðuvarnaráætlanir í eftirfarandi aðildarríkjum eru hér með samþykktar:

- Danmörku
- Austurríki
- Finnlandi
- Svíþjóð.

4. Skilyrði sem gilda um viðskipti innan Sambandsins með sauðfé og geitur og sæði þeirra og fósturvísa

Eftirtalin skilyrði skulu gilda:

4.1. sauðfé og geitur:

- a) sauðfé og geitur til undaneldis, sem eiga að fara til annarra aðildarríkja en þeirra þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða sem eru með landsbundna riðuvarnaráætlun, skulu:
- i. koma frá bújörð eða bújörðum þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum; þó má stunda viðskipti innan Sambandsins með sauðfé og geitur til undaneldis, sem koma frá bújörð eða bújörðum sem hafa í a.m.k. þrjú ár uppfyllt allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- til f-lið í lið 1.3, til 31. desember 2014 eða
 - ii. koma frá aðildarríki eða svæði í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða
 - iii. ef um er að ræða sauðfé, vera af prionprótínarferð ARR/ARR, að því tilskildu að það komi ekki frá bújörð sem sætir takmörkunum sem mælt er fyrir um í 3. og 4. lið í kafla B í VII. viðauka,
- b) sauðfé og geitur, sem ætluð eru til allra annarra nota en tafarlausrar slátrunar, sem eiga að fara til aðildarríkja þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða sem eru með landsbundna riðuvarnaráætlun, skulu:
- i. koma frá bújörð eða bújörðum þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg; þó má stunda viðskipti innan Sambandsins með sauðfé eða geitur frá bújörð eða bújörðum sem hafa í a.m.k. sjö ár uppfyllt allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a- til i-lið í lið 1.2, til 31. desember 2014 eða

- ii. koma frá aðildarríki eða svæði í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða
- iii. ef um er að ræða sauðfé, vera af prionprótínarfgerð ARR/ARR, að því tilskildu að það komi ekki frá bújörð sem sætir takmörkunum sem mælt er fyrir um í 3. og 4. lið í kafla B í VII. viðauka.

4.2. sæði og fósturvísur sauðfjár og geita skal:

- a) vera safnað úr dýrum sem hafa verið haldin samfelld frá fæðingu á bújörð eða bújörðum þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða
- b) vera safnað úr dýrum sem hafa verið haldin samfelld undanfarin þrjú ár fram að söfnun á bújörð eða bújörðum sem hafa uppfyllt öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í a- til f-lið liðar 1.3 í 1. hluta í þrjú ár, eða
- c) vera safnað úr dýrum sem hafa verið haldin samfelld frá fæðingu í landi eða á svæði þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg, eða
- d) vera safnað úr hrútum af prionprótínarfgerð ARR/ARR, ef um er að ræða sauðfjársæði, eða
- e) ef um er að ræða fósturvísu úr sauðfé, vera af prionprótínarfgerð ARR/ARR.

ÞÁTTUR B

Skilyrði sem gilda um nautgrip

Breska konungsríkið skal tryggja að nautgripir fæddir eða aldir á yfirráðasvæði þess fyrir 1. ágúst 1996 séu ekki sendir frá yfirráðasvæði þess til annarra aðildarríkja eða þriðju landa.“

5) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað þáttar A í kafla C komi eftirfarandi:

„ÞÁTTUR A

Afurðir

Eftirfarandi afurðir úr nautgripum, sauðfé og geitum, eins og þær eru skilgreindar í liðum 1.10, 1.13, 1.15, 7.1, 7.5, 7.6, 7.7, 7.8 og 7.9 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, skulu falla undir þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þáttum B, C eða D í þessum kafla, eftir því hvaða áhættuflokk upprunalandið fellur undir í tengslum við kúariðu:

- nýtt kjöt,
- hakkað kjöt,
- unnar kjötvörur,
- kjötafurðir,
- brædd dýrafita,
- hamsar,
- gelatín og kollagen, annað en það sem er framleitt úr húðum og skinnum,
- meðhöndlaðar garnir.“

b) Í stað kafla D og E komi eftirfarandi:

„KAFLI D

Innflutningur á aukaafurðum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og afleiddum afurðum úr þeim

ÞÁTTUR A

Aukaafurðir úr dýrum

Þessi kafli gildir um eftirfarandi aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, eins og þær eru skilgreindar í 1. og 2. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009, að því tilskildu að þessar afurðir séu úr nautgripum, sauðfé eða geitum:

- a) Brædda fitu úr efni í 2. flokki, sem ætlunin er að nota sem lífrænan áburð eða jarðvegsbæti, eins og þeir eru skilgreindir í 22. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eða upphafsefni þeirra eða millistigsafurðir.
- b) Bein og beinaafurðir úr efni í 2. flokki.

- c) Brædda fitu úr efni í 3. flokki, sem ætlunin er að nota sem lífrænan áburð eða jarðvegsbæti eða sem fôður, eins og það er skilgreint í 22. og 25. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eða upphafsefni þeirra eða millistigsafurðir.
- d) Gæludýrafôður, þ.m.t. nagbein.
- e) Blóðafurðir.
- f) Unnið dýrapróttín.
- g) Bein og beinaafurðir úr efni í 3. flokki.
- h) Gelatín og kollagen úr öðrum efnum en húðum og skinum.
- i) Efni í 3. flokki og afleiddar afurðir, aðrar en þær sem um getur í c- til h-lið, þó ekki:
 - i. nýjar húðir og skinn, unnar húðir og skinn,
 - ii. gelatín og kollagen úr húðum og skinum,
 - iii. fituafleiður.

ÞÁTTUR B

Kröfur vegna heilbrigðisvottorðs

Innflutningur aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða úr nautgripum, sauðfé og geitum, sem um getur í þætti A, skal háður framvísun heilbrigðisvottorðs þar sem staðfest er:

- a) að aukaafurðirnar úr dýrum eða afleiddu afurðirnar innihalda ekki og eru ekki framleiddar úr sérstöku áhættuefni eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og, að undanskildum dýrum sem eru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er flokkuð sem óveruleg með ákvörðun í samræmi við 2. mgr. 5. gr., að dýrunum, sem þessar aukaafurðir eða afleiddu afurðir eru fengnar úr var ekki slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau aflífuð með sömu aðferð eða þeim slátrað með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur með ilöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið eða
- b) að aukaafurðirnar úr dýrum eða afleiddu afurðirnar innihalda ekki og eru ekki fengnar úr efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á svæði, sem með ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2. mgr. 5. gr., er flokkað sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.

Til viðbótar við a- og b-lið skal innflutningur aukaafurða og afleiddra afurða, sem um getur í þætti A, sem innihalda mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum og eru ætlaðar sem fôður, háður framvísun heilbrigðisvottorðs þar sem staðfest er:

- c) sauðféð og geiturnar sem þessar afurðir eru fengnar úr hafa verið haldin samfellt frá fæðingu í landi þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - i. skylt er að tilkynna um dæmigerða riðuveiki,
 - ii. til staðar er kerfi til að efla vitund, eftirlitskerfi og vöktunarkerfi,
 - iii. opinberar takmarkanir gilda um bújarðir með sauðfé eða geitur þar sem grunur leikur á um smitandi svampheilakvilla eða uppkoma dæmigerðrar riðuveiki er staðfest,
 - iv. sauðfé og geitur, sem eru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, eru aflífuð og þeim eytt algerlega,
 - v. fôðrun sauðfjár og geita á kjöt- og beinamjöli eða hömsum úr jörturdýrum hefur verið bönnuð og banninu fylgt eftir á skilvirkan hátt í öllu landinu í a.m.k. sjö ár,
- d) mjólk og mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum koma frá bújörðum þar sem engar opinberar takmarkanir eru í gildi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla,
- e) mjólk og mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum koma frá bújörðum þar sem ekki hefur greinst neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki undanfarin sjö ár eða, eftir að tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest:
 - i. allt sauðfé og geitur á bújörðinni hafa verið aflífuð og þeim eytt eða slátrað, að frátöldum hrútum til undaneldis, sem eru af arfgerðinni ARR/ARR, ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu, og öðru sauðfé sem er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu eða

- ii. öll dýr, sem staðfest var að væru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og í a.m.k. tvö ár frá staðfestingu á síðasta tilviki dæmigerðrar riðuveiki hefur bújörðin fallið undir aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, þ.m.t. prófanir á því hvort smitandi svampheilakvilli er til staðar sem hafa skilað neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við rannsóknarstofuaðferðirnar sem settar eru fram í lið 3.2. í kafla C í X. viðauka, á öllum eftirtöldum dýrum sem eru eldri en 18 mánaða, að frátöldu sauðfé af ARR/ARR-arfgerð:

- dýrum sem hefur verið slátrað til mannelis og
- dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð á bújörðinni en voru ekki aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.

KAFLI E

Innflutningur á sauðfé og geitum

Leggja skal fram dýraheilbrigðisvottorð fyrir sauðfé og geitur, sem eru flutt inn til Sambandsins, þar sem vottað er að þau hafi verið haldin samfelld frá fæðingu í landi þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. skylt er að tilkynna um dæmigerða riðuveiki,
2. til staðar er kerfi til að efla vitund, eftirlitskerfi og vöktunarkerfi,
3. sauðfé og geitur, sem eru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, eru aflífuð og þeim eytt algerlega,
4. fóðrun sauðfjár og geita á kjöt- og beinamjöli eða hömsum úr jörturdýrum hefur verið bönnuð og banninu fylgt eftir á skilvirkan hátt í öllu landinu í a.m.k. sjö ár,

Auk skilyrðanna sem sett eru fram í 1. til 4. lið skal votta eftirfarandi í dýraheilbrigðisvottorðinu:

5. Að því er varðar sauðfé og geitur til undaneldis, sem eru flutt inn til Sambandsins og eiga að fara til annarra aðildarríkja en þeirra þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða þeirra sem eru með samþykka, landsbundna riðuvarnaráætlun og talin eru upp í lið 3.2 í þætti A í kafla A í VIII. viðauka, skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- innflutta sauðfæð og geiturnar koma frá bújörð eða bújörðum sem hafa uppfyllt skilyrðin í lið 1.3 í þætti A í kafla A í VIII. viðauka eða
- um er að ræða sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR og það kemur frá bújörð þar sem engar opinberar takmarkanir á tilflutningi hafa verið lagðar á vegna kúariðu eða dæmigerðrar riðuveiki undanfarin tvö ár.

6. Að því er varðar sauðfé og geitur til allra annarra nota en tafarlausrar slátrunar, sem eru flutt inn til Sambandsins og eiga að fara til aðildarríkja þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða sem eru með samþykka, landsbundna riðuvannaráætlun og talin eru upp í lið 3.2 í þætti A í kafla A í VIII. viðauka, skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- þau koma frá bújörð eða bújörðum sem hafa uppfyllt skilyrðin í lið 1.2 í þætti A í kafla A í VIII. viðauka eða
- um er að ræða er sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR og það kemur frá bújörð þar sem engar opinberar takmarkanir á tilflutningi hafa verið lagðar á vegna kúariðu eða dæmigerðrar riðuveiki undanfarin tvö ár.“

- c) Í stað kafla H komi eftirfarandi:

„KAFLI H

Innflutningur á sæði og fósturvísu sauðfjár og geita

Framvísa skal dýraheilbrigðisvottorði fyrir sæði og fósturvísa sauðfjár og geita, sem flutt eru inn til Sambandsins, sem staðfestir að gjafadýrin:

1. voru haldin samfelld frá fæðingu í landi þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - i. skylt er að tilkynna um dæmigerða riðuveiki,
 - ii. til staðar er kerfi til að efla vitund, eftirlitskerfi og vöktunarkerfi,
 - iii. sauðfé og geitur, sem eru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, eru aflífuð og þeim eytt algerlega,
 - iv. fóðrun sauðfjár og geita á kjöt- og beinamjöli eða hömsum úr jörturdýrum hefur verið bönnuð og banninu fylgt eftir á skilvirkan hátt í öllu landinu í a.m.k. sjö ár,

2. hafa verið haldin samfelld undanfarin þrjú ár, fram að söfnun útflutta sæðisins eða fósturvísanna, á bújörð eða bújörðum sem hafa undanfarin þrjú ár uppfyllt a.m.k. öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í a- til f-lið í lið 1.3 í þætti A í kafla A í VIII. viðauka eða:

- i. ef um er að ræða sauðfjarsæði er sæðinu safnað úr hrútum af príonprótínarfgerð ARR/ARR,
- ii. ef um er að ræða fósturvísu úr sauðfé eru fósturvísarnir af príonprótínarfgerð ARR/ARR.“

6) Ákvæðum X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í lið 3.1 í 3. hluta kafla C bætist við eftirfarandi c-liður í lið 3.1:

„c) Frekari rannsókn á jákvæðum tilvikum kúariðu

Senda skal sýni úr öllum jákvæðum kúariðutilvikum til rannsóknarstofu, sem lögbært yfirvald tilnefnir, sem hefur með góðum árangri tekið þátt í frammistöðuprófun sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins vegna mismunarprófana á staðfestum kúariðutilvikum hefur staðið fyrir, þar sem þau skulu prófuð nánar í samræmi við aðferðir og aðferðarlýsingar sem mælt er fyrir um í aðferð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins til flokkunar á einangrum smitandi svampheilakvilla í nautgripum(*).“

(*) http://vla.defra.gov.uk/science/docs/sci_tse_rl_2blot.pdf

b) Í stað 4. hluta kafla C í X. viðauka komi eftirfarandi:

„4. Flýtiprófanir

Til að gera flýtiprófanir í samræmi við 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. skal einungis nota eftirfarandi aðferðir sem flýtiprófanir við vöktun vegna kúariðu í nautgripum:

- mótefnaþrykkspófun, sem byggist á vesturþrykkspófun til að greina próteasa-K-þolna bútinn PrPRes (príonleitarprófun, vesturþrykk (Prionics-Check Western Test)),
- ónæmismælingu í örbakka til greiningar á PrPSc (Enfer TSE, útgáfa 3),
- ónæmismælingu (Sandwich-aðferðin) sem er gerð til að greina PrPRes (stutt aðferðarlýsing fyrir greininguna) (e. *short assay protocol*) með undanfarandi eðlisbreytingar- og styrkingarþrepum (Bio-Rad TeSeE SAP flýtiprófun),
- ónæmismælingu í örbakka (ELISA) til að greina próteasa-K-þolna bútinn PrPRes með einklóna mótefnum (LIA-príonleitarprófun (Prionics-Check LIA-Test)),
- ónæmismælingu þar sem notuð er efnafræðileg fjölliða til þess að fanga PrPSc á valvísan hátt og einklóna greiningarmótefni sem beitt er gegn varðveittum svæðum PrP-sameindarinnar (IDEXX HerdChek BSE Antigen Test Kit, EIA & IDEXX HerdChek BSE-Scrapie Antigen Test Kit, EIA),
- ónæmismælingu með hliðarflæði þar sem notuð eru tvö mismunandi, einklóna mótefni til að greina próteasa-K-þolin PrP-brot (príonleitt með PrioSTRIP),
- tvíhliða ónæmismælingu þar sem notuð eru tvö mismunandi einklóna mótefni gegn tveimur vakaeiningum í línulegu PrPSc úr nautgripum (Roboscreen Beta Prion BSE EIA prófunarsetti),

Til að gera flýtiprófanir í samræmi við 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. skal einungis nota eftirfarandi aðferðir sem flýtiprófanir við vöktun vegna smitandi heilahrönnunar í sauðfé og geitum:

- ónæmismælingu (Sandwich-aðferðin) sem er gerð til að greina PrPRes (stutt aðferðarlýsing fyrir greininguna) (e. *short assay protocol*) með undanfarandi eðlisbreytingar- og styrkingarþrepum (Bio-Rad TeSeE SAP flýtiprófun),
- ónæmismælingu (Sandwich-aðferðin) sem er gerð til að greina PrPRes með TeSeE greiningarprófunarsetti fyrir sauðfé og geitur, með undanfarandi eðlisbreytingar og styrkingarþrepum með TeSeE-hreinsunarsetti (Bio-Rad TeSeE flýtiprófun fyrir sauðfé og geitur),
- ónæmismælingu þar sem notuð er efnafræðileg fjölliða til þess að fanga PrPSc á valvísan hátt og einklóna greiningarmótefni sem beitt er gegn varðveittum svæðum PrP-sameindarinnar (IDEXX HerdChek BSE-Scrapie Antigen prófunarsetti, EIA),
- ónæmismælingu með hliðarflæði þar sem notuð eru tvö mismunandi, einklóna mótefni til að greina próteasa-K-þolin PrP-brot (flýtiprófun – príonleitt með PrioSTRIP SR, sjónmatsaðferð).

Við allar flýtiprófanir skal vefsýnið, sem prófunin er gerð á, vera í samræmi við notkunarleiðbeiningar framleiðandans.

Framleiðendur flýtiprófa skulu vinna eftir gæðatryggingarkerfi sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins hefur samþykkt og sem tryggir að gæði prófananna breytist ekki. Framleiðendur skulu leggja aðferðarlýsingar prófananna fyrir tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins.

Aðeins má gera breytingar á flýtiprófunum og aðferðarlýsingum prófana eftir að tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins hefur verið send fyrirframtilkynning um þær og að því tilskildu að tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins komist að þeim niðurstöðum að breytingin hafi ekki áhrif á næmi, sérhæfni eða áreiðanleika flýtiprófunarinnar. Þær niðurstöður skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni og landsbundnu tilvísunarrannsóknarstofunum.“
